

Nr. 12.

24.

júli.

Auglýsing

um

að út sjeu gefnir nýir 50, 10 og 5 króna landssjóðsseðlar
samkvæmt landsbankalögunum.

Landsstjórnin hefur samkvæmt lögum nr. 14 frá 18. sept. 1885, nr. 2 frá 12. jan. 1900 og nr. 47 frá 10. nóv. 1905 gefið út fyrir landssjóð Íslands handa landsbankanum í Reykjavík 50, 10 og 5 króna seðla með svofelldri nýrri gerð:

Framan á öllum seðlunum er prentað gildi seðlanna, og er talan tilfærð í bókstöfum, svo og orðin:

Samkvæmt lögum 18. sept. 1885 og 12. jan. 1900

Fyrir landssjóð Íslands

á 50 kr. seðlunum með dökkgráum lit á gulum feldi í gráleitri umgjörð, á 10 kr. seðlunum með dökkbláum lit á ljósbláum feldi í blágrárri umgjörð og á 5 kr. seðlunum með móbrúnum lit á ljósbrúnum feldi í grænleitri umgjörð. Undir framangreind orð er prentað nafn ráðherra Íslands og ritað nafn eins af embættismönnum landsbankans. Vinstra megin framan á 50 kr. seðlunum er brjóstmynd Hans hátignar Frederiks konungs áttunda, en 10 og 5 kr. seðlunum Christians konungs níunda. Aptan á öllum seðlunum stendur efst með hvítum bókstöfum gildi seðlanna og neðst orðið: Landsbankinn. Aptan á 50 og 10 kr. seðlunum er ásamt öðru skrauti fjallkonumynd, en á 5 kr. seðlunum skjaldmerki Íslands. Loks er á hverjum seðli prentuð raðartala hans á tveim stöðum.

Seðlum þessum verður í landsbankanum í Reykjavík frá því í dag skipt fyrir landssjóðsseðla þá, sem getur um í auglýsingu stjórnarráðs Íslands nr. 12 frá 25. maí 1886.

Hinir eldri seðlar gilda fyrst um sinn jafnframt hinum nýju.

Auglýsing verður síðar gefin út um innköllun og ógilding hinna eldri seðla með árs fyrirvara.

Þetta birtist hjérmeð almenningi.

Í stjórnarráði Íslands, 24. júlí 1907.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Oversættelse.

Bekendtgørelse

om

Nr. 12.

24.

Juli.

Udstedelse paa Landskassens Vegne af nye Sedler lydende paa 50, 10 og 5 Kr. i Henhold til de om Landsbanken gældende Love.

I Henhold til Lov Nr. 14 af 18. September 1885, Lov Nr. 2 af 12. Januar 1900 og Lov Nr. 47 af 10. November 1905 har Regeringen paa Landskassens Vegne udstedt til Brug for Landsbanken i Reykjavik Sedler lydende paa 50, 10 og 5 Kroner i følgende nye Udstyrelse:

Paa Forsiden af alle Sedlerne er trykt deres Værdi med Tallet udtrykt i Bogstaver og Ordene:

Samkvæmt lögum 18. sept. 1885 og 12. jan. 1900.

Fyrir landssjóð Íslands

paa 50-Kronesedlerne med mørkegraa Farve paa gul Grund med graalig Indfatning, paa 10-Kronesedlerne med mørkeblaa Farve paa lyseblaa Grund i blaagraa Indfatning og paa 5-Kronesedlerne med mørkebrun Farve paa lysebrun Grund i grønlig Indfatning. Under de fornævnte Ord er trykt Navnet paa Islands Minister og skrevet Navnet paa en af Landsbankens Embedsmænd. Paa 50-Kronesedlerne findes paa Forsiden til venstre Hans Majestæt Kong Frederik den Ottendes Brystbillede, paa 10- og 5-Kronesedlerne Kong Christian den Niendes. Paa Bagsiden af alle Sedlerne staar øverst deres Værdi med hvide Bogstaver og nederst Ordet: Landsbankinn. Paa Bagsiden af 50- og 10-Kronesedlerne findes foruden anden Forsiring et Billede af Fjældkvinden og paa 5-Kronesedlerne Islands Vaabenmærke. Paa hver Seddel findes endelig dens Løbenummer trykt paa to Steder.

De i Islands Ministeriums Bekendtgørelse Nr. 12 af 25. Maj 1886 omhandlede Sedler ombyttes fra Dato i Landsbanken i Reykjavik med de nye Sedler.

De ældre Sedler have indtil videre Gyldighed ved Siden af de nye.

Bekendtgørelse om, at de ældre Sedler med et Aars Varsel indkaldes og sættes ud af Kraft, vil senere blive udstedt.

Dette kundgøres herved til almindelig Efterretning.

Islands Ministerium, den 24 Juli 1907.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.